

Öxarfirði, 15.apríl 2021

Efni: Ósk um framkvæmdir v/ stækkunar á leikskóladeild í Lundi

Þar sem eftirspurn er talsverð eftir leikskólaplássi og fyrirséð er fjölgun barna í leikskóladeild Öxarfjarðarskóla – Lundi, er óhjákvæmilegt að mati undirritaðra að fara í breytingar á húsnæði. Um er að ræða aukið rými á deildinni til að geta sinnt þeirri eftirspurn sem nú er uppi um innritun barna á haustönn. Samrekinn leik- og grunnskóli þarf að taka mið af fjölda nemenda hverju sinni og verður að vera sveigjanlegur hvað rými varðar fyrir hvorn hóp um sig. Það er einkum þrennt sem farið er fram á núna fyrir 15. ágúst.

Í fyrsta lagi er hugmyndin sú að setja upp hurð milli stofa, þannig að stofan sem nú hýsir yngri deild grunnskólans verði nýtt fyrir leikskólann. Með því móti er innangengt á milli þriggja rýma og þar yrði einnig settur upp lítill gluggi til að geta fylgst með rýmum. Tekið skal fram að ekkert brot þarf að framkvæma þar sem um er að ræða léttu spónaveggi. Mjög auðvelt yrði að taka stofuna aftur í notkun fyrir skólann ef svo skipast til í fjölda grunnskólanemenda og þá án nokkurs aukakostnaðar.

Í öðru lagi er talsvert af ungum börnum sem sofa í barnavögnum og forstofa leikskólans nú þegar full af barnavögnum. Fyrirséð er að fleiri vagnar bætist í hópinn í haust og til að bregðast við því er uppi sú hugmynd að byggja léttu yfirbyggingu yfir plan sem er við leikskólann u.þ.b. 20 fm. Sú yfirbygging þyrfti ekki að vera upphituð og nóg væri að hafa einn opnanlegan glugga. Taka þyrfti einn glugga niður í forstofunni til að setja hurð sem yrði út í viðbygginguna og setja léttan ramp til að keyra vagnana þar niður.

Í þriðja lagi er brýnt að farið verði í hljóðvistarlausnir á leikskóladeildinni. Starfsfólk kvartar yfir miklum hávaða þar inni og þó að heita eigi að loftaplöturnar sem þar eru séu hljóðdeyfandi, er samt sem áður það mikill fjöldi af börnum í rýmum og nauðsynlegt að bæta hljóðvistina.

Eins og áður segir, þarf húsnæðið að hafa tekið þessum breytingum áður en fleiri börn eru tekin inn og óskað er eftir því að breytingarnar verði gerðar fyrir 15.ágúst þar sem leikskóli hefst á ný eftir sumarleyfi þann 17.ágúst.

Með vinsemd og ósk um jákvæðar undirtektir,

Ann-Charlotte Fernholm aðstoðarskólalastjóri Öxarfjarðarskóla

Elisabeth Hauge deildarstjóri leikskóladeildar Öxarfjarðarskóla - Lundi

Hrund Ásgeirsdóttir verðandi skólalastjóri Öxarfjarðarskóla

